



26. stjórnarfundur LH

23. apríl 2018 kl. 16:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Sóley Margeirsdóttir fyrsti varamaður, Stefán G. Ármannsson annar varamaður.
Fjarverandi: Haukur Baldvinsson, Eyþór Gíslason, Rúnar Bragason, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson.

1. Formaður setur fund og skipar ÓP fundarstjóra

2. Fulltrúar GDLH og HÍDÍ ræða við stjórn um tölvumál vegna nýja SportFengs

Gestir: Ólafur Árnason, Helga Claessen og Stefán Ágústsson

ÓÁ telur spjaldtölvur hentugri fyrir dómara í dómhring. Rafhlaðan í þeim endist lengur en í fartölvum en reyndar er viðmótið í þeim ekki eins þægilegt og í tölvum þar sem skjárinn er minni og ritari þarf að fletta meira.

ÓÁ minntist einnig á hleðslur tækjanna, ef gleymist að hlaða þau. Þá er mælt með því að hleðslubankar séu til staðar. WiFi, hægt að hafa 4G kort.

Dómarafélögin kaupa tölvur?

Hver er ábyrgur fyrir tölvunum? Dómari, mótshaldari?

einhver félög hafa keypt tölvur, spjaldtölvur.

Nauðsynlegt að hafa góða og reynda ritara.

LÁH: sammála því að mótshaldarar séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum tækjum.

AMP: sagði frá tilboði frá Símanum en þeir eru tilbúmir til að gefa félögunum afslátt eða gott tilboð.

JDB: ekki hægt að halda mót án tölvu/spjaldtölvu.

HBH: félagið er ábyrgt fyrir mótinu. Ekki hægt að skikka fólk/félög til að skaffa tækin, lánuð eða keypt í félagið. Gott fyrir félögin að eiga hleðslubanka sem aukarafhleðslur. Þarf að tryggja WiFi og/eða 4G samband.

ÓÁ: lykilorð og notendanafn. Jafnvel að halda námskeið fyrir dómara í notkun kerfisins.

amp: ekki verið sent á alla dómara. Þarf að gera það. Vélarnar dýrari með 4g, hægt að nota símana sem personal hotspot.

SÁ: gekk vel með ipadana, verra með netsamband en nokkrir 4G pungar virkuðu síðan vel.

JDB: dómari er ábyrgur fyrir sínum dómum og einkunum og því sem slegið er inn í gegnum hans aðgang.

LÁH: samhljómur í þessari umræðu. Ábyrgð mótshaldara/félaga. Tilboð í nafni LH. Námskeið á ábyrgð LH.

ÓP: tæki, virki allan tímann, allir kunni á þau, not og lyk. Netið í lagi. Gátlisti.

HV: passa að dómara skrái sig út þegar þeir hætta að dæma. Nýr dómari athugi líka að logga sig inn. Má ekki fara út í að dómari sé með athygli á tölvunni, hann verður að hafa fókus á dómgæslunni.

HBH: yfirritari, var niður á gólfi hjá dómurum og riturum og aðstoðaði þar. Þá eru dómara rólegrir í sinni vinnu.

HC: hafa líka blað og blýant ef eitthvað kemur uppá.

JDB: halda námskeið fyrir dómara, fá reynda dómara til aðstoðar.



ÓÁ: iPad viðmót, mætti laga.

Skrifstofu falið að finna dagsetningu á námskeið fyrir dómara sem fyrst.

Fundarmenn sammála því að það þurfi að klára bæði SportFeng og mótaappið sem allra fyrst og fá svör frá tölvunefnd á næstu dögum.

3. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Samþykkt.

4. Dagsetning Uppskeruhátíðar LH (LÁH)

27. október 2018 er samþykkt. Vinna við skipulagningu heldur áfram og leitað bestu tilboða.

5. Hestadagar 2018 – staða (JDB/HBH)

Skipulag á lokametrum og gengur vel. Mikið af góðu fólki sem tekur þátt í viðburðinum með okkur. Ungir krakkar, slökkiviliðs- og lögreglumenn og fleiri verða fánaberar og í forreið reiðarinnar. Stjórnarmenn mæti og sýni sig.

6. Skógarhólar – Samningur við staðarhaldara (LÁH)

HBH og LÁH var falið að gera samning við sömu rekstraraðila og í fyrra. Óska eftir skýrslu fyrir tímabilið 2017. HBH og LÁH klára breytingar á samningnum, setja verðskrá inn í hann og senda á stjórn fyrir 1. maí.

7. Skógarhólar – Tilboð í framkvæmdir (JDB)

Sæmundur Eiríksson gerði verkáætlun og nú í vikunni mun SE hitta verktaka á svæðinu og fara yfir verkið.

AMP: tilboðið þarf að vera áfangaskipt.

8. Kynbótamat af keppnisárangri (Elsa Albertsdóttir)

Elsa fór yfir og fræddi stjórnarmenn um að fyrirhugað sé að nota ákveðinn keppnisárangur til kynbótamats og óskar samstarfs við LH um það.

9. Styrkbeiðni frá GDLH vegna fundarferðar

Fundarmenn sammála um að framtak GDLH sé gott. LÁH lagði til að GDLH fengi styrk kr. 30.000. Atkvæði greidd um málið, þrír með og þrír á móti, einn sat hjá. Styrkbeiðni því hafnað. Hins vegar mun skrifstofa LH bóka flug á afsláttarkjörum fyrir GDLH sé þess óskað.

10. Erindi frá Spretti varðandi Íslandsmót 2018

Efni: Beiðni um undanþágu um að boðið verði uppá F1, V1 og T2 í ákveðnum flokkum á Íslandsmóti 2018.

Hestamannafélagið Sprettur óskar eftir undanþágu frá þingskjali nr. 19 sem samþykkt var á landsþingi Landsambands hestamannafélaga 2016. Þar var samþykkt að á Íslandsmótum barna, unglinga og ungmenna verði hringvallagreinar með einum keppanda í braut í einu þ.e. keppt í F1, T1, V1 og T2. Óskað er eftir því að í barnaflokki verði boðið uppá V2 í stað V1 og í unglingaflokki verði boðið uppá F2 í stað F1 og T4 í stað T2.

Óskað er eftir þessari undanþágu annarsvegar til að spara tíma en mótið er orðið gríðarlega



umfangsmikið tímalega séð þegar boðið er uppá V1, F1, T1 og T2 í öllum flokkum. Hins vegar er þetta hugsað til að auðvelda yngstu keppendum í ákveðnum greinum. Við teljum að þetta myndi henta flestum keppendum í þessum flokkum betur.

Samþykkt einróma.

11. Allra sterkustu (ÓP)

Góð umræða um flottan fjáröflunarviðburð LH. Óánægja var meðal stjórnarmanna með að peningaverðlaun skuli hafa verið veitt á styrktarmóti LH. Hagnaður af mótinu var góður. Skoða þarf form þessa viðburðar og hvort breyta þurfi því á næsta ári.

12. Svar frá æskulýðsnefnd Geysis

Stjórn LH hefur þá vinnureglu að styrkja samstarfsverkefni hestamannafélaga í æskulýðsmálum. Sýning æskulýðsnefndar Geysis er frábært framtak óskar stjórnin þeim góðs gengis í þessu mikilvæga verkefni.

13. Formannafundur Norðurlandanna í Herning (LÁH)

Formenn norðurlandanna hittust í Herning vegna formgerðar og umræðu um samstarf Norðurlandanna og var fundurinn mjög gagnlegur. Danska Íslandshestasambandið var með 50 ára afmælis dagskrá í tengslum við IceHorse festival í Herning sömu helgi. Samstarf NIHC er hugsað sem tækifæri til eflingar Íslandshestamenskunnar í löndunum og auka möguleika á að sækja fjármagn í norræna samstarfssjóði.

Meðal umræðuefna var:

- HM2021 – tveir aðilar frá DK sækja um það mót og hyggjast halda það í Herning. Feif mun taka ákvörðun innan skamms.
- SportFengur – Fundarmenn voru áhugasamir um þá þróun sem er í gangi og sammála um að standa saman bak við það forrit ef gæði og verð stenst samanburð.
- Umræður um samstarf við útgáfu tímarits. LÁH taldi að LH muni ekki koma að slíku verkefni enda gefin út rit á Íslandi tileinkuð hestinum.
- Umræða um að LM helgin verði ávallt aðra helgina í júlí. Það mál þokast og eru Norðurlöndin farin að taka tillit til þeirrar þróunar í sínum plönunum.
- Næsti NIHC fundur verður haldinn á Íslandi í kringum Landsmót í sumar. Formaður og varaformaður munu setja upp dagskrá fyrir þann fund.

14. Mótun á reglum fyrir Norðurlandamót (þurfum að tilnefna tvo í vinnuhóp (LÁH)

LÁH tilnefnir liðsstjóra íslenska landsliðsins, Sigurbjörn Bárðarson og Hildu Karen Garðarsdóttir starfsmann skrifstofu. Samþykkt.

15. Önnur mál

- a. **Bankahólf í Arion banka** – samþykkt að gjaldkeri sambandsins, Ólafur Þórisson og/eða starfsmaður þess, Hilda Karen Garðarsdóttir, fái leyfi stjórnar til að fara og opna bankahólfið.



Til kynningar og bókunar:

Merkingar reiðleiða á Kili

Ferða- og samgöngunefnd LH sendi erindi til Byggðaráðs Bláskógabyggðar þar sem kynntar voru hugmyndir að uppsetningu fræðsluskilta á skálastöðum, 11 vegpresta með um 35 vegvísum. LH kostar skiltagerðina gegn því að Bláskógabyggð sjái um uppsetningu skilta og vegpresta. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkti að taka þátt í verkefninu á þessum forsendum og afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. apríl 2018.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 20:00.

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.